

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING  
Reykjavík, 6. mars 2009 02-2009020895  
TILVÍSUN  
G-ums 02/09

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt - 48. mál, þskj. 48.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 25. febrúar 2009 mótttekið bréf yðar dagsett 23. sama mánaðar þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 48. mál, þskj. 48.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að sala vefútgáfu og rafútgáfu bóka, sem undir ákvæðið falla, og aðgangs að hliðstæðum gagnagrunnum, beri 7% í stað 24,5% virðisaukaskatt. Af þessu tilefni skal tekið fram að ríkisskattstjóra hafa borist margar fyrirspurnir síðastliðin ár þar sem spurst hefur verið fyrir um skatthlutfall virðisaukaskatts vegna rafrænnar sölu af ýmsum toga. Má þar sem dæmi nefna sölu á aðgangi að efni úr dagblaði á vefsíðu á veraldarvefnum, sölu sjónvarpsstöðvar á aðgangi að dagskrá og völdu efni á stafrænu formi, sölu á sjónvarpsþjónustu og tónlistarsölu í gegnum farsíma og sölu á tónlist um veraldarvefinn. Í svörum sínum hefur ríkisskattstjóri lagt áherslu á það að við túlkun á því hvað fellur undir þau frávik sem felast í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 verði að líta til þess að ákvæðið er undantekning frá meginreglunni um 24,5% virðisaukaskatt. Í skattframkvæmd hefur verið talið að túlka beri ákvæðið þröngri lögskýringu og ekki rýmri en orðalag þess gefur beinlínis til kynna. Litið hefur verið svo á að ákvæði 5. og 6. tölul. 2. mgr. 14. gr. taki eingöngu til sölu á tímaritum og blöðum annars vegar og bókum hins vegar samkvæmt hefðbundnum skilningi á orðunum, tímaritum, blöðum og bókum. Helgast sú túlkun einnig af því að samkvæmt orðalagi ákvæðanna taka þau einungis til sölu á tilteknum vörum en ekki sölu á þjónustu. Í samræmi við þessi sjónarmið hefur ríkisskattstjóri álitid að sala af framangreindum toga beri 24,5% virðisaukaskatt. Sala vef- og rafútgáfu bóka og aðgangs að hliðstæðum gagnagrunnum telst sala á þjónustu.

Ríkisskattstjóri er í sjálfu sér ekki mótfallinn því að breytingar af framangreindum toga verði gerðar. Þó er mjög brýnt að ekki verði farið út í slíkar breytingar nema að vel athuguðu máli og skoðaðar verði reglur sem um þetta gilda í nágrannalöndum okkar. Þá er afar mikilvægt að allt regluverk um miðlun á rafrænu efni verði skoðað heildstætt, þ.e. ekki verði búin til sérregla um rafræna afhendingu á bókum. Má í þessu sambandi nefna rafræna sölu á tímaritum, sem má telja staðkvæmdarvöru við bækur, tónlist og kvikmyndir.


Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að sala landakorta beri 7% virðisaukaskatt og fram kemur í greinargerð að „landakort bera nú lægra hlutfall virðisaukaskatts þegar þau eru bundin inn eða gormuð saman sem bók en hærra hlutfall þegar þau eru gefin út á hefðbundinn hátt.“ Af þessu tilefni skal tekið fram að almennt hefur verið talið að

undanþáguákvæði 6. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna næði ekki textalausra eða textalítilla bóka. Í samræmi við það hefur verið talið að ákvæðið taki ekki til uppdráttar og korta, þó að í bókarformi sé. Hins vegar hefur verið talið að sala á atlösum, sem hafa að geyma tematískar upplýsingar auk korta, beri 7% virðisaukaskatt. Umrædd fullyrðing í greinargerð með frumvarpinu er því ekki í samræmi við þær túlkanir sem ríkisskattstjóri hefur sett fram í leiðbeiningum og öðrum skrifum sínum.

Það er mat ríkisskattstjóra að sá skilningur sem að embættið hefur lagt í hugtakið bók eigi sér óbeina stoð í ýmsum lögskýringargögnum, m.a. í umræðum á Alþingi. Þá þykir til að mynda dómur Hæstaréttar frá 15. maí 2003, í máli nr. 477/2002 (íslenska ríkið gegn Herði Einarssyni), gefa til kynna að leggja beri hina þrengri hugtaksskilgreiningu til grundvallar. Loks þykir ríkisskattstjóra rétt að áréttu þau almennu lögskýringarsjónarmið að undanþágur frá meginreglu ber að túlka þröngt.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með texta beri 7% virðisaukaskatt. Með vísan til þess sem fram hefur komið telur ríkisskattstjóri að ástæða sé til þess að tillaga þessi sé skoðuð í víðara samhengi áður en hún verður lögfest.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Bjarni Arnby Larússon

  
Jón Guðmundsson